

1. Lóðum og mannvirkjum verzlunar Aðalsteins P. Ólafssonar, Geirseyri, 43
nú eign Útvegsbanka Íslands hf. Reykjavík. 13. júlí
2. Lóðarspildu Jóns E. Bjarnasonar, Geirseyri.
3. Lóðarspildu Péturs A. Ólafssonar, Geirseyri.
4. Lóðarspildu Friðriks Á. Þórðarsonar, Geirseyri.
5. Lóðarspildu sama manns, svonefnt Móakotstún, Geirseyri.
6. Lóðarspildu Kaupfélags Rauðsendinga, Geirseyri.
7. Lóðarspildu Árna Helgasonar læknis, svonefnt Stekkatún.
8. Ennfremur öllum lóðum, sem landeigendur kynnu að vilja selja úr löndum sínum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um ýms ákvæði, er snerta starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

44
13. júlí

Samkvæmt lögum nr. 93, frá 3. maí 1935, um eftirlit með skipum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

1. gr.

Áður en skip lætur úr höfn skal loka öllum landgönguhliðum, farm- og kolahlíðum og ennfremur öllum vatnsheldum hurðum, öðrum en að ásgöngum.

Vatnsheldar hurðir í skiljum má ekki opna á ferð skipsins, nema brýn nauðsyn sé á eða þegar verið er við æfingar, en eftir hverja æfingu skal loka þeim.

Ef í aðalþverskipsskiljum skipsins eru aðrar vatnsheldar hurðir en fyrir ásgöngum í þeirri hæð, að neðri brún þeirra sé undir dýpstu hólfunarhleðslulínu, og þannig gerðar, að þeim verði lokað samtímis frá stjórnþalli, þá skal, áður en þeim er lokað á þennan hátt, gefið hljóðmerki, sem allir þekkja.

2. gr.

Ef neðri brún á ljóra, sem er milli þilfara, er undir línu, sem dregin er með súðinni jafnhliða skiljuþilfari, þannig, að lægsti punktur hennar er 1,37

44 m að viðbættum 2½ af hundraði af breidd skipsins fyrir ofan hleðslulínu
13. júlí þess, skal loka öllum þessum ljórum vatnshelt og tryggilega, áður en skipið lætur úr höfn, og má ekki opna þá á leiðinni.

Þeim ljórum og ljórahlerum, sem ekki eru aðgengir á ferðum skipsins, skal loka tryggilega áður en farið er af stað. Lausir ljórahlerar, sem hafðir eru fyrir ljórum undir skiljubílfari, skulu, séu þeir teknir frá ljórunum, geymdir hver við sinn ljóra.

Vatnsheld lok fyrir ösku- og sorppípum, sem hafa afrás undir vatnsborði, skal hafa aftur, þegar ekki er verið að nota pípunar.

3. gr.

Þegar skip er á ferð, skal vikulega halda æfingu í meðferð vatnsheldra hurða, ljóra, loka og meðferð á lokunartækjum fráæsa, ösku- og sorppípna.

Sé skip lengur en eina viku í ferð milli hafna, skal fara fram fullkomin æfing áður en skipið leggur úr höfn og svo eftir það einu sinni í viku, meðan ferðin stendur yfir. Þó skulu allar vatnsheldar hurðir, sem nauðsynlega þarf að nota á ferðinni, athugaðar daglega.

Þær vatnsheldu hurðir, þar með talin lokunar- og tilvísunartæki, sem þurfa að vera lokaðar, til þess að hólf sé vatnshelt, skulu skoðaðar reglulega, að minnsta kosti einu sinni á viku.

4. gr.

Þess skal getið í leiðarabók skipsins, hvenær opum þeim, sem um er getið í 1. gr. og 1. og 2. lið 2. gr. þessarar auglýsingar, var lokað eða þau opnuð. Þess skal einnig getið í leiðarabókinni, hvenær skoðanir þær og æfingar, sem fyrirskipaðar eru, hafi farið fram og hvaða ágallar hafi komið í ljós.

5. gr.

Áður en skip lætur úr höfn, skal allri skipshöfninni gefin fyrirskipun um það, hvaða starf hverjum manni er ætlað að inna af hendi, þegar gefin eru ákveðin merki. Þessi fyrirskipun er gefin með starfsskrá, og skal í henni tekið fram, hvar hverjum af skipshöfninni er ætlaður staður og starf, að því er tekur til:

- a) lokunar á vatnsheldum hurðum og lokum o. s. frv.,
- b) útbúnaðar báta, bjargfleka og bjargtækja almennt,
- c) að setja báta, sem eru undir bátsuglum, á flöt,
- d) að gera aðra báta, bjargfleka og fleytitæki yfirleitt tilbúin,
- e) að safna saman farþegum,
- f) að slökkva eld.

Starfsskráin tiltekur einnig, hvert starf sé ætlað veitingafólkinu, ef slys ber að höndum, að því er að farþegum lýtur, og þá sérstaklega:

- a) að gera farþegum aðvart,
- b) að sjá um, að þeir klæðist og færi sig vandlega í bjargbeltið,
- c) að safna þeim saman á tiltekinn stað og

d) að halda uppi reglu á göngum og í stigum og stjórna almennt umferð 44
farþeganna. 13. júlí

Starfskráin skal tilgreina þau sérstöku viðvörunarmerki, er kalla alla skipshöfnina á sinn stað við bátana, eða er bruna ber að höndum. Auk þess skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á þessum merkjum.

Í klefum farþega og öðrum vistarverum þeirra skulu vera spjöld með skýringum á ýmsum tungumálum á öllum þeim merkjum, er farþega varða. Aðvörunarmerki það, er kallar farþega á tiltekna staði, skal vera 7 stutt hljóðmerki og síðan eitt langt. Til viðbótar við þessi hljóðmerki skal á öllum skipum, sem ekki eru í stuttum ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, koma hljóðmerki frá rafknúnu tæki, sem heyrir um allt skipið, og skal því stjórnað frá stjórnþalli.

6. gr.

Allir bátar eða bjargflekar skulu vera undir stjórn stýrimanns eða ræðara með ræðaraskirteini. Ennfremur skal tilnefna mann til vara til að stjórna hverjum bát. Sá maður, sem hefir á hendi stjórn báts, skal hafa skrá yfir afhöfnina og ganga úr skugga um það, að þeir menn, sem undir hann eru gefnir, víti, hvar þeim er ætlaður staður, og kunni vel til vinnu sinnar.

Á hverjum mótorbát skal vera maður, sem kann að fara með vélina, og á hverjum vélbát, sem er með loftskeytatakjum og leiðarljósum, skal vera maður, sem kann með þau tæki að fara.

Einum eða fleiri af stýrimönnum skal ætlaður sá starfi að gæta þess, að bátarnir, bjargflekarnir, fleytitækin og önnur bjargtæki séu alltaf tilbúin, ef til þarf að taka.

7. gr.

Þegar því verður við komið, skal hafa bátaæfingar vikulega, og á skipum, sem eru meira en viku í ferð, skal hafa þessar æfingar, áður en skipið leggur úr höfn. Geta skal þess í leiðarbókinni, hvenær þessar æfingar hafi farið fram, og líði svo vika, að ekki sé höfð slík æfing, skal í leiðarbókinni geta orsaka þess, að hún féll niður.

Standi ferð skipsins lengur yfir en í eina viku, skal snemma á ferðinni hafa æfingu með farþegunum.

Þegar hafðar eru bátaæfingar, skal á víxl nota þær tegundir báta, sem til eru. Æfingar og eftirlit skal fara fram með þeim hætti, að skipshöfnin fái fullkomna þekkingu á störfunum, sem henni er ætlað að inna af hendi, og leikni í þeim, og að öll bjargtæki skipsins með búnaði þeirra séu alltaf tiltæk, hvenær sem til þeirra þarf að grípa.

8. gr.

Skipa skal fullnægjandi brunavörzlu, svo að eldsuppkomu verði vart, eins fljótt og unnt er.

Áður en skip lætur úr höfn, skal gæta þess, að brunataekin séu tilbúin til notkunar. Halda skal brunæfingu, þegar skipið er í förum, að minnsta kosti í annari hvorri viku, og skal þess getið í leiðarbókinni.

44

9. gr.

13. júlí

Í skipum, sem ekki halda leiðarþók, skulu greinargerðir þær, sem í hana átti að rita samkvæmt auglýsingu þessari, skráðar í eftirlitsbók skipsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

45

REGLUGERÐ

14. júlí

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 11. gr. reglugerðarinnar:

„Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allt að $\frac{1}{4}$ hluti fjallskilakostnaðar skuli greiðast í peningum, og ber að jafna því gjaldi sem jafnast á menn eftir tiltölu“ komi: Öll þau fjallskil, sem ekki eru leyst af hendi með vinnu, greiðist í peningum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

46

REGLUGERÐ

14. júlí

um breytingu á reglugerð um eyðingu refa í Borgarfjarðarsýslu frá 8. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verði 8. gr., svo hljóðandi: Þeim skotmanni, er sama vor vinnur átta fullorðin dýr, greiði sýslunefnd 100 kr. fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar með vottorði refaeyðingarstjóra, að hann hafi unnið dýrin.